# Enska 10. bekkur – haustönn 2023

**Bekkur:** 10.bekkur
**Námsgrein:** Enska
**Kennarar:** Elísa Skúladóttir og Guðmundur Ásgeir Sveinsson
**Tímafjöldi**: 4

**Námsgögn**: Stories- enskir lestextar og verkefni, Málnotkunar og lesskilningsefni frá kennara Skáldsagan One of Us is Lying Kvikmynd , veraldarvefurinn og annað efni frá kennara.

**Lykilhæfni:**
Námsgreinin kemur inn á alla þætti lykilhæfni sem unnið er út frá samkvæmt aðalnámskrá grunnskóla:

- *Tjáning og miðlun*
- *Skapandi og gagnrýnin hugsun*
- *Sjálfstæði og samvinnu*
- *Nýting miðla og upplýsinga*
- *Ábyrgð og mat á eigin námi.*

**Grunnþættir:**
Samkvæmt aðalnámskrá grunnskóla eru grunnþættir menntunar sex. Unnið er með alla þessa þætti, en þó mismikið eftir árgöngum: *læsi, sjálfbærni, lýðræði og mannréttindi, jafnrétti, heilbrigði og velferð, sköpun.*

**Önnur hæfniviðmið sem lúta að almennri framkomu og vinnulagi í tímum og metin yfir allt árið:**

- *Tekur ábyrgð á eigin námi.*
- *Virðir vinnufrið annarra.*
- *Vinnur með öðrum og sýnir jákvæðni í samskiptum.*
- *Leitar upplýsinga, les sér til gagns og vinnur sjálfstætt.*
- *Vinnur vel*
- *Sýnir vönduð vinnubrögð við verkefnaskil.*
- *Fer eftir fyrirmælum*
- *Skilar verkefnum á réttum tíma.*

**Lokanámsmat í samræmi við hæfniviðmið aðalnámskrár**
Málfræðipróf
Lesskilningspróf
Hlustunarpróf
Próf úr skáldsögu
Kvikmyndapróf og hópverkefni
Kynningar
Umræðutímar
Ritunarmappa

**Áskilinn er réttur til breytinga á áætlun og námsmati.**

# Enska 10. bekkur – haustönn 2023

| Vikan | Viðfangsefni | Námsefni | Mat | Annað |
|---|---|---|---|---|
| 23.08-25.08 | **Málnotkun**<br>**Lesskilningur**<br>**Ritun** | **Stories** – when the joke isn't funny anymore | ***Vinnuframlag í tímum***<br>***Ritun*** | 23.08<br>Skólasetning |
| 28.08-01.09 | **Málnotkun**<br>**Lesskilningur**<br>**Ritun** | **Stories** - a matter of life and death | ***Vinnuframlag í tímum***<br>***Skila ritun***<br>***Umræður*** | |
| 04.09-08.09 | **Lesskilningur**<br>**Samskipti** | **Stories** –Guns and violence | ***Vinnuframlag í tímum***<br>***Umræður*** | |
| 11.09-15.09 | **Málnotkun**<br>**Lesskilningur**<br>**Hlustun** | **Stories -** Who is paying the price | ***Vinnuframlag í tímum***<br>***Hlustunarpróf***<br>***Ritun í möppu*** | 12.09-13.09<br>Náttúrufræði<br>flipp flopp |
| 18.09-22.09 | **Málnotkun**<br>**Lesskilningur** | **Málnotkunarhefti** - Enskur málvísir | ***Vinnuframlag í tímum*** | |
| 25.09-29.09 | **Málnotkun**<br>**Lesskilningur** | **Málnotkunarhefti** - Enskur málvísir<br>**Umræðutími 1** | ***Vinnuframlag í tímum***<br>***Umræður*** | 28.09<br>Starfsdagur |
| 02.10-06.10 | **Málnotkun**<br>**Lesskilningur** | **Málnotkunarhefti** - Enskur málvísir | ***Vinnuframlag í tímum***<br>***Próf úr málnotkunarhefti*** | |
| 09.10-13.10 | **Málnotkun** | **Þemaverkefni** | | |
| 16.10-20.10 | **Málnotkun**<br>**Lesskilningur** | **Þemaverkefni** | ***Kynning á þemaverkefni*** | 16.10-17.10<br>Tungumála<br>flipp flopp |
| 23.10-27.10 | **Málnotkun** | **Umræðutími 2** | ***Vinnuframlag í tímum*** | 25.10-27.10<br>Starfsdagur og vetrarfrí |
| 30.10-03.11 | **Lestur skáldsögu** | **One of Us is Lying** | ***Vinnuframlag í tímum*** | |
| 06.11-10.11 | **Lestur skáldsögu** | **One of Us is Lying** | ***Próf úr part 1*** | 06.11<br>Foreldraviðtöl |
| 13.11-17.11 | **Lestur skáldsögu** | **One of Us is Lying** | ***Próf úr part 2*** | 16.11-17.11<br>Íslensku<br>flipp flopp |
| 20.11-24.11 | **Lestur skáldsögu** | **One of Us is Lying** | | |
| 27.11-01.12 | **Kvikmynd** | **One of Us is Lying**<br>**Kvikmynd** | ***Próf úr part 3*** | 01.12<br>Skreytingadagur . |
| 04.12-08.12 | **Kvikmynd** | **Kvikmynd** | ***Verkefni úr kvikmynd*** | |
| 11.12-15.12 | **Kvikmynd**<br>**Ritun** | **Efni frá kennara** | ***Vinnuframlag í tímum***<br>***Kynning á kvikmyndavekefni*** | 15.12 Verkgreina<br>Flipp flopp |
| 18.12-20.12 | **Christmas** | **Efni frá kennara** | | 18.12 Verkgreina<br>flipp flopp<br>19.12 Jólaball |
| 21.12-03.01 | **Jólafrí** | | | Jólafrí<br>21.12-03.01 |
| 04.01-05.01 | **Málnotkun** | **Málnotkunarhefti -** Language Use | ***Vinnuframlag í tímum*** | |
| 08.01-12.01 | **Málnotkun** | **Málnotkunarhefti -** Language Use | ***Ritun í möppu*** | |

| Námsflokkar | Hæfniviðmið | Kennsluhættir | Námsmat |
|---|---|---|---|
| **Lestur** | • Aflað sér upplýsinga úr texta, greint aðalatriðin frá aukaatriðum, gert sér grein fyrir helstu niðurstöðum og nýtt sér í verkefnavinnu.<br>• Lesið sér til fróðleiks rauntexta, t.d. úr dagblöðum, tímaritum og netmiðlum sem fjalla um efni er varðar líf hans, aðstæður eða umhverfi, brugðist við efni þeirra, sagt frá eða unnið úr á annan hátt.<br>• Lesið sér til gagns, ánægju og þroska smásögur og skáldsögur ætlaðar ungu fólki og myndað sér skoðanir á efni þeirra og lesið og tileinkað sér efni sem tengist öðrum námsgreinum og hugtök sem tengjast þeim og nýtt í nýju samhengi. | • Lesskilningur æfður í tengslum við texta.<br>• Nemendur lesa fjölbreytta texta og skáldsögu sem svo er unnið úr á margvíslegan hátt. | • Próf úr skáldsögu<br>• Stuttir lesskilningstextar á prófum. |
| **Hlustun** | • Tileinkað sér aðalatriði úr kynningu og frásögnum sem eru innan áhuga-, náms- og þekkingarsviðs hans og brugðist við efni þeirra, sagt frá, unnið úr eða nýtt sér á annan hátt.<br>• Án vankvæða fylgst með aðgengilegu efni í fjöl- og myndmiðlum sér til gagns og ánægju, sagt frá og unnið úr.<br>• Hlustað eftir nákvæmum upplýsingum, valið úr þær sem við á og brugðist við eða unnið úr þeim. | • Kvikmyndir sýndar og umræður og verkefnavinna í kjölfarið<br>• Hlustunarefni af veraldarvef notað og unnið með það.<br>• Hlustað á skáldsögu, efnið rætt og unnin verkefni. | • Hlustunarpróf í tímum<br>• Hlustun á lokaprófi<br>• Kvikmyndaverkefni<br>• Tímaritanir út frá hlustun<br>• Hlustun út frá skáldsögu |
| **Ritun** | • Getur skrifað um eða brugðist skilmerkilega við því sem hann hefur hlustað á, séð eða lesið og fylgt ákveðnu formi textagerðar þar sem það á við<br>• Getur tjáð sig um skoðanir sínar, tilfinningar, reynslu og þekkingu<br>• Getur leikið sér með málið og látið sköpunargáfuna og ímyndunaraflið njóta sín | • Ritun texta í tengslum við þemavinnu.<br>• Æfingar í að skrifa samfelldan texta þar sem hugmyndir eru settar fram á sjálfstæðan skapandi hátt. | • Tímaritanir |
| **Málnotkun** | • Getur hagnýtt sér þann orðaforða sem tengist verkefnum hans<br>• Getur beygt reglulegar og óreglulegar sagnir í kennimyndum og myndað og notað helstu sagnatíðir rétt og þekkir helstu sambandssagnir<br>• Kann skil á algengustu orðtökum, forskeytum og viðskeytum, notkun forsetninga og samtenginga | • Nemendur læra ákveðin málfræðiatriði í vinnuheftum og í gagnvirkum verkefnum. | • Stutt málfræðipróf |

# Enska 10. bekkur – haustönn 2023

| Námsflokkar | Hæfniviðmið | Kennsluhættir | Námsmat |
|---|---|---|---|
| **Samskipti** | ● Tekið þátt í óformlegu spjalli um daginn og veginn um efni sem hann er vel heima í.<br>● Tekist á við margs konar aðstæður í almennum samskiptum, t.d. miðlað og tekið á móti upplýsingum á ferðalögum, sem gestgjafi eða í netsamskiptum.<br>● Tekið þátt í skoðanaskiptum, fært einföld rök fyrir máli sínu og tekið tillit til sjónarmiða viðmælanda. | ● Enska notuð í samskiptum í kennslustofu og nemendur hvattir til að taka þátt. | ● Símat kennara |
| **Frásögn** | ● Tjáð sig skipulega með undirbúið eða óundirbúið efni sem hann þekkir, hefur hlustað á, lesið um eða unnið með í námi sínu, sagt skoðun sína á því og brugðist við spurningum.<br>● Flutt stutta frásögn eða kynningu um undirbúið efni blaðalaust og af nokkru öryggi.<br>● Samið, æft og flutt frumsamið efni, t.d. stutt atriði eða sögu, einn eða í félagi við aðra. | ● Nemendur undirbúa sig sjálfstætt fyrir munnleg skil<br>● Nemendur halda stuttar kynningar í tengslum við verkefni í hópavinnu | ● Kynning á Webquest<br>● Kynning á kvikmyndaverkefni<br>● Kynning á Current affairs greinum |
| **Menningarlæsi** | ● Sýnt fram á að hann þekkir nokkuð til innri samfélagsgerðar, hvað einkennir þjóðfélagið og það sem er efst á baugi hverju sinni.<br>● Sýnt fram á að hann kann nokkur deili á fjölbreyttum uppruna þegnanna á viðkomandi málsvæði og gerir sér grein fyrir takmörkunum staðalmynda og áhrifum fordóma. | ● Lestur texta af veraldarvefnum og unnið með kvikmyndir. | ● Verkefni úr kvikmynd<br>● Current Affairs verkefni |
| **Námshæfni** | ● Beitt margvíslegum námsaðferðum sem geta komið að gagni í náminu og veit hvenær þær eiga við, t,d. nýtt sér samhengi í texta eða aðstæðum til að geta sér til um merkingu orða.<br>● Beitt á raunsæjan hátt sjálfsmati og jafningjamati í tengslum við viðfangsefni námsins og veitt sanngjarna endurgjöf.<br>● Unnið sjálfstætt, með öðrum og undir leiðsögn og tekið tillit til þess sem aðrir hafa til málanna að leggja.<br>● Nýtt sér öll helstu hjálpartæki, s.s. ítarefni, efni úr fjölmiðlum, orðabækur, veforðasöfn, leiðréttingarforrit, tungumálaforrit og leitarforrit og umgengist þau af gagnrýni. | ● Sjálfstæð, lýðræðisleg og skapandi vinnubrögð og hópavinna. | ● Skil á vinnuheftum<br>● Samvinna í hópavinnu/þemaverkefnum<br>● Ástundun í tíma-símat |